

Alþingi
Erindi nr. P 143/927
komudagur 30.1.2014

Alþingi - Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. janúar 2014
Tilvísun: UST20140100128/abg

Umsögn um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar og sameiningu stjórnsýslueininga á sviði skógræktar og landgræðslu

Við er til erindis nefndasviðs Alþingis (Atvinnuveganefndar) dags. 16. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna tillögu um þingsályktun sbr. þingskjal 273 - 211. mál, vegna eflingu skógræktar sem atvinnuvegar og sameiningu stjórnsýslueininga á sviði skógræktar og landgræðslu.

Í tillögu að þingsályktun kemur m.a. fram að hraða þurfi endurreisn skógarauðlindar á Íslandi í þágu lands og þjóðar. Samkvæmt skógræktarstefnu sem gefin var út og kynnt í febrúarmánuði 2013 þá var markmiðið að tífalda þekju skóga fyrir aldamótin 2100 þannig að skógar Íslands vaxi úr núverandi 1,2 % í a.m.k. 12 % af flatarmáli Íslands. Ná skuli sem mestum ávinningi af stækkandi skógarauðlind Íslands á sjálfbæran hátt, ýta undir þróun úrvinnsluáætlana og samþætta skógrækt öðrum landnýtingarkostum og atvinnugreinum.

Umhverfisstofnun bendir á að við val á landi undir skógrækt er mikilvægt að skilgreina vel þau landsvæði sem henta til skógræktar, áður en áætlanir um skógrækt eru gerðar. Stofnunin telur mikilvægt að greindar séu þær vistgerðir, vistkerfi og landslagsgerðir sem finnast á þeim svæðum sem áætlað er að gróðursetja á, þannig að öruggt sé að það land henti vel til skógræktar og gangi ekki á önnur mikilvæg vistkerfi eða jarðmyndanir. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 37. gr laga um náttúruvernd nr. 44/1999, þá njóta eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er, eldvörp, gervigígar og eldhraun, mýrar og flóar 3 hektarar að stærð og stærri. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að vernda þessar jarðmyndanir og vistkerfi og bendir einnig á að í Stofnumótun stjórnvalda til ársins 2020 *Velferð til framtíðar*, í kafla 7 um vernd lífríkis Íslands, er fjallað um þau markmið sem Ísland hefur sett sér varðandi það að fjölbreytileika tegunda og vistgerða verði viðhaldið og forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að viðhalda þeim náttúrulegu birkiskógum sem eftir eru á Íslandi og að þeir fái að þróast samkvæmt náttúrulegum lögmálum. Stofnunin hefur áður sagt í umsögnum sínum að í stað þess megin markmiðs að stækka heildar flatarmál skóga á Íslandi eigi frekar að leggja áherslu á gæði og staðsetningu skóga, í sátt við aðra umhverfisvernd.

Umhverfisstofnun leggur því áherslu á að landsvæðamat það sem nefnt er í tillögu um þingsályktun verði haft til hliðsjónar það sem hér að ofan kemur fram, en ekki sé eingöngu lagt mat á arðsemi skógræktar til grundvallar staðarvali. Umhverfisstofnun bendir á að stórfelld skógrækt getur breytt ásýnd lands og getur haft áhrif á og breytt vistkerfum, t.d. votlendi. Mikilvægt er að velja þau svæði á réttan hátt og meta hvort skógrækt eigi við á hverju svæði fyrir sig. Umhverfisstofnun bendir á skýrslu sem gefin var út í Bretlandi árið 2011 af Forestry Commission, *Forests and Landscape - UK Forestry Standard Guidelines* en þar er skógrækt m.a. sett í samhengi við líffræðilegan fjölbreytileika, loftslagsbreytingar,

landslag, fólk, jarðveg og vatn og gefin viðmið um hvernig rækta eigi skóga á sjálfbæran hátt.

Umhverfisstofnun telur eðlilegt að sveitarfélög geri grein fyrir fyrirhugaðri skógrækt á skipulagsáætlunum sínum þannig að umhverfisáhrif skógræktar séu metin í gegnum umhverfismat áætlana. Í stefnumótun stjórnvalda, *Velferð til framtíðar*, segir að á skipulagsstigi landgræðslu- og skógræktaraðgerða skuli taka tillit til fjölpættra landnýtingarsjónarmiða og líffræðilegs fjölbreytileika. Notkun innfluttra tegunda skal vera með þeim hætti að hún ógni ekki náttúrulegum vistkerfum.

Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að í 36. grein laga um náttúruvernd segir að við skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Stofnunin telur að huga þurfi vel að samspili skóga og jarðmyndana en ljóst er að fegurð íslenskrar náttúru er auðlind. Vill stofnunin í því sambandi benda á að í Stefnumótun stjórnvalda til ársins 2020 *Velferð til framtíðar* kemur eftirfarandi fram: „Íslensk náttúra er um margt sérstök, hún einkennist af mikilli virkni og lífríki sem hefur aðlagast óblíðum aðstæðum Verndun óspilltrar eða lítt snortinnar náttúru er ekki síður mikilvægur þáttur í sjálfbærri þróun en skynsamleg nýting þeirra náttúrugæða sem eru uppspretta auðs.“

Umhverfisstofnun telur ljóst að samþætta þurfi stefnumótun um skógrækt, náttúruvernd og landslagsvernd en í stefnumótun stjórnvalda er m.a. talað um að mótuð verði stefna um endurheimt upprunalegra vistkerfa, s.s. birkiskóga sem verði hluti af almennri stefnu um endurheimt landsgæða þar sem tekið verður á aðferðafræði, tegundavali og öðrum atriðum. Gera þyrfti nánari grein fyrir hvernig standa eigi að eflingu skógræktar í samræmi við gildandi lög og reglur og önnur verndarsjónarmið.

Virðingarfyllt



Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri



Björn Stefánsson
sérfræðingur

